Reykjavíkurborg

Reykjavík, 23. maí 2022
MOF22030002

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

***Tillaga um borgarhátíðir Reykjavíkur 2023-2025 samþykkt í menningar-, íþrótta- og tómstundaráði – til kynningar***

Á fundi menningar-, íþrótta og tómstundaráðs þ. 23. maí sl. var svohljóðandi tillaga samþykkt, sbr. 1. lið hjálagðrar fundargerðar:

> Lagt er til að sex hátíðir í Reykjavík hljóti viðurkenninguna Borgarhátíð Reykjavíkur 2023-2025. Þær eru: Reykjavík Dance Festival, Óperudagar, Hinsegin dagar, Hönnunarmars, Iceland Airwaves og RIFF – Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík.
>
> Gerður verði samstarfssamningur til þriggja ára sem felur í sér markmið um starfsemi, þróun og rekstur með tilskyldum fyrirvörum um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Framlög til hátíðanna nemi samtals 50 m.kr. á ári og skiptist með eftirfarandi hætti: Reykjavík Dance Festival 7,5 m.kr., Óperudagar 5 m.kr., Hinsegin dagar 10 m.kr., Hönnunarmars 10 m.kr., Iceland Airwaves 10 m.kr. og RIFF – Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík 7,5 m.kr.
>
> Framlögin verði fjármögnuð af kostnaðarstað 03113 styrkir og rekstrarsamningar. Trúnaður um setu í faghópi um borgarhátíðir 2023-2025 gildir fram að kynningu á vali faghópsins í borgarráði.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
Huld Ingimarsdóttir
starfandi sviðsstjóri
*Menningar- og ferðamálasvið*

Hjálagt:

Greinargerð faghóps um borgarhátíðir 2023 til 2025